

Sp. 100. Tillaga til þingsályktunar [68. mál]

um aukna notkun rafmagns í sveitum í sambandi við Marshall-málið.

Flm.: Jónas Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að koma til leiðar fyrir Íslands hönd þeirri breytingu á samkomulagi því, sem kennt er við Marshall, að Ísland geti með þeirri aðstoð komið á næstu fjórum árum rafmagn til heimilisþarfa inn á hvert sveitaheimili, sem sýnilega getur ekki fengið heimilisrafmagn frá stórum vatnsorkuverum á næstu tíu árum.

Greinargerð.

Á sumarþinginu 1942 beitti ég mér fyrir samþykkt tillögu um raforkumál landsins. Skyldi sett þingnefnd til að undirbúa löggjöf til að tryggja, að allir landsmenn gætu fengið rafmagn til heimilisþarfa og iðnaðar með lágsta framleiðsluverði. Samkvæmt því skyldi rafmagnsverð í Reykjavík lagt til grundvallar við alla raforkusölu í landinu og að sjálfsögðu miðað við Sogsrafinagnið. Tillagan var samþykkt, nefndin kosin og löggjöf sett um málið. Sú löggjöf er að vísu allmjög frábrugðin hinum upprunalega tilgangi tillögu minnar, því að nú munu bændur, sem fá raforku frá Soginu eða Laxá, verða að greiða 30% hærra verð fyrir sitt rafmagn en Reykvikingar. Hins vegar myndar löggjöfin heildarskipulag, sem getur staðið til bóta. Nú er gert ráð fyrir, að eitt hundrað heimili bætist í hóp rafmagnsnotenda ár hvert. Samkvæmt þeirri áætlun mundi þó þurfa 60 ár eða vel það til að koma öllum sveitabýlum inn í raforkukerfið. Auk þess er áætlunin bundin við breytilega afkomu ríkissjóðs, og eykur það ekki öryggið. Jafnframt þessu hefur verið veitt ársframlag á fjárlögum, 150 þús. kr., sem raforkumálastjórnin má lána með 2% vöxtum til smástöðva, er bændur kunna að reisa fyrir eitt eða fleiri heimili. Með því að safna þessu fé saman í nokkur ár býst raforkustjórnin við að geta eftir þeirri leið veitt raforku til 20 heimila. Hins vegar er talið, að kostnaður við raflagnir til sveita frá stórum stöðvum, þar sem fjarlægð milli bæja er ekki meiri en einn km, verði við leiðslu handa hverju heimili um 30 000 kr. Bændur, sem ná að komast í raforkukerfi ríkisins, borga af þessum kostnaði svo kallað heimtaugargjald, um 6000 kr., og má kalla það sanngjarnt. Nokkuð af hinum stofnkostnaðinum vinnur raforkustjórnin upp með því að selja orkuna dýrari en hún er í Reykjavík.

Sú litla byrjun, sem hér er hafin, til að dreifa raforku um landið, er spor í rétta átt, en ekki heldur meira. Þriðjung þjóðarinnar, fólkið, sem býr í sveitunum, vantar raforku og getur ekki beðið í áratugi eftir jafnrétti í þessum efnum. Stríðsgróðinn, sem var mikill og álitlegur 1942, er löngu eyddur og hefur ekki verið notaður til að leiða rafmagn um landið. Rafleiðslur frá stóru stöðvunum til sveitabæja ganga seint. Eftir að rafstöðvarnar við Sogið og Laxá höfðu starfað um allmörg ár, var eitt sveitaheimili í sambandi við hvora stöð. Svo er einnig með stöðina við Andakílsárfossa, að fyrir utan Hvanneyri er aðeins eitt sveitaheimili nú sem stendur kaupandi að raforku úr þeim stað. Nú má að vísu vænta, að reynt verði að bæta við samkvæmt framanskráðu 100—105 heimilum á ári, en sveitin þolir ekki þá bið. Mörg héruð hafa

auk þess slæma aðstöðu til að njóta vatnsorku, þó að tímar liði. Þess vegna er að myndast í sveitum landsins almenn krafa um, að ríkið geri það að fyrsta nýsköpunarmáli sínu að nota Marshall-aðstoðina framfar öllu öðru til að koma á næstu missirum raforku til heimilisþarfa á öll þau sveitaheimili, sem hljóta að bíða lengi eftir raforku frá stórstöðvum landsins. Kom þessi stefna glögglega fram á fundi þingeyskra bænda á Fosshól 12. sept. s. l. Þóttust þeir eygja ný og stórfelld framtíðarúrræði landbúnaðinum til handa í því tvennu, að vinna samhliða að hinni amerísku votheysverkun, sem nú er að byrja að ryðja sér til rúms hér á landi, og að koma upp við þúsundir sveitaheimila sjálfstæðum hráolíurafstöðvum eða beizla bæjarlækina, þar sem það á við.

Eins og fjármálum landisns er nú komið, mundi lítið verða úr stórum eða litlum rafstöðvabyggingum á næstu árum, ef ekki fæst til þess lán í Bandaríkjunum. En nú er talið, að Bandaríkin gefi kost á allstórfelldum lánnum til viðreisnar atvinnulífi í Norðurálfunni, þar á meðal hér á landi. Það er búið að leggja gróða undangenginna ára mjög einhliða til að efla aukinn sjávarútveg. Hefur þar verið lagt á tæpasta vaðið með verksmiðjubyggingar á Siglufirði, Skagaströnd og í sambandi við mjög óvissa veiði í Hvalfirði. Sum af þessum dýru fyrirtækjum starfa oft ekki nema nokkra daga árlega. Ríkið býr nú að margra milljóna tapi frá í fyrra, bæði á Hvalfjarðarsíldinni og síldarverksmiðjum sínum. Sá grundvöllur, sem þing og stjórn hafa lagt í atvinnumálunum á síðustu árum, er mjög ótryggur. Hann er auk þess mjög dýr. Polanleg íbúð fyrir fjölskyldu verkamanns í Reykjavík eða öðrum eftirsóttum kaupstað kostar 150—180 þús. kr. Húsnæðið, skipin, bátarnir og hinar nýbyggðu verksmiðjur er til samans mjög gjaldeyrisfrekt. Ef ein vertíð bregzt, er afkoman í voða og ekki um annað að ræða en aðstoð þjóðfélags, sem er tæplega aflögufært. Þjóðinni liggur nú mest á að fá aukna festu í atvinnulífið. Sjávarútvegurinn hefur vissulega fengið bróðurpartinn af fjárfestingu landsmanna. Nú er mest nauðsyn að skapa heilbriggt jafnvægi í landinu. Til þess þarf landbúnaðurinn að fá raforku á hvert heimili og hefja heyskapinn úr óvissu í öryggi traustrar véliðju. Hin nýja votheysverkun krefst raforku á hverju býli. Raforku þarf líka við fjölmörg önnur heimilisstörf innan húss og utan. Með raforku við dagleg vinnubrögð á hverju sveitaheimili getur landbúnaðurinn orðið sú kjölfesta í atvinnulífi landsmanna, sem þjóðarheildin þarfnast nú framfar öllu öðru.

Þegar lítið er á, að kostnaðurinn við rafleiðslu frá stórstöð að bæ í dreifbýli er til jafnaðar 30 þús. kr. á býli og að sú orka er seld til muna dýrar en til stærstu kaupstaðanna, en nú er unnt að fá nægilega stórar hráolíuvélar fyrir mismunandi stór sveitaheimili fyrir 10—18 þús. kr., sýnist einsætt, að ríkið á að hrinda þessu máli í framkvæmd nú og setja raforkunotkun allra landsmann efst á óskalistann hjá Marshall-nefndinni í París. Hér er um að ræða framtíð margra þúsunda heimila, sem verið hafa vagga þjóðarinnar frá landnámsöld. Fólkið sjálft hefur byggt þessi heimili með lítilli fjárfestingu, mest með vinnu heimilismanna. Hér er um að ræða tiltölulega lítinn stofnkostnað. Hráolían er svo ódýr, að öruggt má telja, að rafmagn frá slíkum heimilisstöðvum verði ódýrara en rafmagn er nú til sveitaheimila frá Laxá og Soginu. Heppilegt má telja í þessu efni, að kaupfélögin, sem annast nú mestalla verzlun sveitamanna, eru nú sterkur aðili í olíuverzlun landsmanna, þannig að þeir geta hvarvetna fengið hráolíu til sinna stöðva í eigin verzlunum.

Það leiðir af eðli málsins, að þessi tillaga er á engan hátt í ósamræmi við grundvöll tillögu minnar frá 1942. Smástöðvarnar verða einungis bráðabirgðaúrræði fólksins í sveitum landsins. Meginstefnan hlýtur ætíð að vera sú að virkja sem mest af vatnsorku landsins til afnota fyrir landsins börn. Með vaxandi tækni og vaxandi réttlæti í skiptingu raforkugæðanna meðal landsfólksins verður að halda áfram því meginverki að láta hvítu kolin skapa nægilega orku handa öllum landmönnum.